



Vestfjarðastofa



SÓKNARÁÆTLUN VESTFJARÐA 2020-2024

Tímabili fyrstu Sóknaráætlunar Vestfjarða lýkur á þessu ári. Um er að ræða samstarfsverkefni landshlutasamtaka og ríkisins sem hefur verið í stöðugri þróun allt tímabilið sem um ræðir, eða frá 2015-2019. Sóknaráætlanir eru stefnumótandi áætlanir þar sem fram kemur stöðumat viðkomandi landshluta, framtíðarsýn, markmið og aðgerðir til að ná þeim markmiðum.

Gert er ráð fyrir að Sóknaráætlanir landshluta taki tillit til Byggðaáætlunar, landsskipulagsstefnu, menningarstefnu og annarri opinberri stefnumótun. Þannig er byggðaáætlun í raun áætlun sem nær yfir allt landið og mun fleiri málefnasviða en sóknaráætlun en þeirri síðarnefndu er ætlað að draga fram sérstöðu landshluta sem endurspeglast í áætlunum og verkefnum.

Sóknaráætlun skiptist í áhersluverkefni og uppbyggingarsjóð. Á tímabilinu hefur verið unnið að 44 áhersluverkefnum fyrir um 135 milljónir króna. Úthlutað hefur verið úr uppbyggingarsjóði einu sinni til tvisvar á ári fyrir um 60 milljónir króna árlega. Á heimasíðunni www.vestfiridir.is má sjá allar úthlutanir og áhersluverkefni sóknaráætlunar 2015-2019.

Á næstu mánuðum verður unnið að nýrri Sóknaráætlun fyrir Vestfirði sem taka mun til árána 2020 – 2024. Hefst vinnan með formlegum hætti með fundi sem fengið hefur yfirskriftina Krossgötur. Er nafninu ætlað að vísa til þess að við stöndum á krossgötum í svo fjölbreyttum skilningi. Sem landshluti, sem þjóð, sem íbúar í heimi sem breytist svo ört. Loftslagsmál, umhverfismál og tækni-breytingar hafa mikil áhrif um allan heim. Líka á Vestfjörðum.



Aðalsteinn Óskarsson hefur fyrir hönd FV umsjón með framkvæmd Sóknaráætlunar Vestfjarða
adalsteinn@vestfiridir.is



Lína Tryggvadóttir er verkefnastjóri Sóknaráætlunar Vestfjarða
lina@vestfiridir.is



Skúli Gautason sér um Uppbyggingarsjóð Vestfjarða
skuli@vestfiridir.is



HVAÐ ER SÓKNARÁÆTLUN VESTFJARÐA



Sóknaráætlun Vestfjarða er í raun byggðaáætlun fyrir Vestfirði en byggir á samningi Fjórðungssambands Vestfirðinga við hið opinbera um fjármögnun áhersluverkefna og Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða. Sóknaráætlun Vestfjarða byggir á lögum um byggðaáætlun og sóknaráætlanir landshluta nr. 69/2015.

Málefnasvið Sóknaráætlana eru bundin samningi við ríkið og nógildandi áætlun er vegna nýsköpunar- og atvinnuþróunar, menningarmála, uppbyggingar mannauðs og lýðfræðilegrar þróunar.

Sveitarfélög og sóknaráætlun Vestfjarða

Fjórðungssamband Vestfirðinga semur við hið opinbera og stjórn þess ber ábyrgð á samningnum.

Sveitarfélögin á Vestfjörðum tilnefna öll fulltrúa í samráðsvettvang um sóknaráætlun sem ákveður megin áherslur sóknaráætlunar til næstu ára.

Íbúar og sóknaráætlun Vestfjarða

Aðkoma íbúa er háð þátttöku þeirra til dæmis sem fulltrúar sinna sveitarfélaga í samráðsvettvangi og í opnum stefnumótandi fundum. Auk þess hafa íbúar tækifæri til að senda inn athugasemdir eða ábendingar um drög að Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024 sem birt verða í september.

Öllum gefst kostur á að senda inn tillögu að áhersluverkefnum þegar opnað er fyrir innsendar tillögur. Sá háttur var í fyrsta sinn hafður á fyrir árið 2019 að auglýst var eftir tillögum að áhersluverkefnum og gert er ráð fyrir að svo verði áfram.

Tímabil sóknaráætlana

Sóknaráætlanir eru til fimm ára. Næsta tímabil verður árin 2020-2024.





Hvað eru áhersluverkefni?

Áhersluverkefni eru verkefni á vegum sóknaráæltunar sem ákveðið er að hrinda í framkvæmd til að uppfylla markmið landshlutans á tilteknu málefnasviði í Sóknaráætlun Vestfjarða.

Skoða má verkefni á vef Vestfjarðastofu

www.vestfiridir.is/

Hver velur áhersluverkefni sóknaráætlunar?

Auglýst er eftir tillögum að áhersluverkefnum á vef Vestfjarðastofu og víðar. Uppfylli tillögur skilyrði sem sett eru fara verkefni til samráðsvettvangs til umfjöllunar. Eftir fund samráðsvettvangs eru verkefni með umsögn samráðsvettvangs lögð fyrir stjórn Vestfjarðastofu sem tekur endanlega ákvörðun um áhersluverkefni ársins.

Hver framkvæmir áhersluverkefnin?

Áhersluverkefni eru öll á ábyrgð Fjórðungssambands. Mótun og eftirfylgd áhersluverkefna er í flestum tilfellum í höndum verkefnastjóra Vestfjarðastofu eða gerðir eru samningar við aðra aðila um framkvæmd þeirra. Ræður eðli áhersluverkefna mestu um hverjum falin er framkvæmd þeirra.

Hve mikið fjármagn fer til verkefna í

Sóknaráætlun Vestfjarða

Fjármagn til sóknaráætlana ræðst af fjárlögum hvers árs. Sóknaráætlun Vestfjarða hefur fengið um 107 milljónir árlega samtals sem skipst hefur í áhersluverkefni, uppbyggingarsjóðs og rekstur verkefnisins. Mótframlag sveitarfélag á Vestfjörðum er tæplega 8 milljónir á ári. 44 verkefni á sviði byggða- og atvinnumála hafa verið unnin á vegum Sóknaráæltunar fyrir um 135 milljónir króna á tímabilinu og úthlutað hefur verið úr Uppbyggingarsjóði Vestfjarða fyrir ríflega 60 milljónir árlega.

Er hægt að sækja um fjármagn til verkefna í gegnum Sóknaráætlun?

Ekki er talað um að sækja um áhersluverkefni. Allir geta þó sent inn tillögur að áhersluverkefnum. Stjórn metur hvort unnið verði að tilteknu verkefni og hvort það falli að áherslum og markmiðum Sóknaráætlunar Vestfjarða.

Uppbyggingarsjóður tekur hins vegar á mótí umsóknum um verkefnastyrki á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar annars vegar og hins vegar á sviði menningarmála.



Vestfjarðastofa

HVER VINNUR SÓKNARÁÆTLUNINA?

STÝRI- HÓPUR

Stýrihóp verkefnisins skipa 2 fulltrúar samráðsvettvangs Sóknaráætlunar, 2 fulltrúar stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga, 2 starfsmenn Vestfjarðastofu auk ráðgjafa frá Capacent.

SAMRÁÐS- VETT- VANGUR

Samráðsvettvangur Sóknaráætlunar mótar Sóknaráætlun Vestfjarða með hliðsjón af gögnum sem aflað er í undirbúningsferlinu. Samráðsvettvangur kemur að mótun áhersluverkefna og eftirfylgni áætlunarinnar.

STJÓRN

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga ber ábyrgð á verkefninu og kemur að vinnu við það.



RÝNIHÓPAR

Boðað er til funda með völdum hópum ákveðnum af stýrihópi. Reynt er að ná til hópa sem ekki er líklegt að mæti til stórfundar eða opinna vinnufunda. Markmið fundanna er að fá fram skoðanir þessara hópa á framtíðarsýn fyrir Vestfirði og helstu áherslum í atvinnu- og byggðamálum.

Hvar og hvenær: apríl – júní, víða á Vestfjörðum

Fyrir hvern: Sérstaklega er boðið til fundanna t.d. ungu fólki, fólki af erlendum uppruna o.s.frv.

Afurð: Áherslur í framtíðarsýn svæðisins.



STÓRFUNDUR

Stórfundur markar formlegt upphaf vinnu við Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024.

Markmið fundarins er að vinna framtíðarsýn fyrir Vestfirði til lengri tíma og draga fram helstu áherslur og aðgerðir til næstu fimm ára.

Unnið verður í vinnuhópum að megin áherslum í atvinnu, menningar og byggðamálum Vestfjarða til næstu fimm ára.

Hvar og hvenær: 29. maí 2019 í Bolungarvík

Fyrir hvern: Fundurinn er öllum opin

Afurð: Niðurstöður fundarins verða notaðar til að móta stefnu landshlutans, megin áherslur og gildi. Niðurstöður vinnuhópa verða grunnur fyrir næstu sóknaráætlun.



VINNUFUNDIR

Opnir vinnufundir verða haldnir á öllum svæðum Vestfjarða í kjölfar stórfundar. Til fundanna verður sérstaklega boðið fulltrúum úr nefndum sveitarfélaga, sveitarstjórnnum, fulltrúum helstu fyrirtækja og menningarverkefna á svæðunum.

Á þessum fundum verður sjónum beint að áherslum í atvinnuþróun, nýsköpun, menningu og byggðapróun Vestfjarða og aðgerðum næstu fimm ára.

Hvar og hvenær: Júní 2019 á Hólmavík, Patreksfirði og Ísafirði

Fyrir hvern: Fundirnir eru öllum opin

Afurð: Niðurstöður nýtast sem grunnur fyrir næstu sóknaráætlun.





SAMRÁÐSVETTANGUR

Fundur samráðsvettvangs Sóknaráætlunar Vestfjarða verður haldinn í ágúst nk. Þar verður unnið með niðurstöður stórfundar, rýnihópa og vinnufunda og aðrar áherslur sem fulltrúar vilja leggja áherslu á við mótun nýrrar sóknaráætlunar. Auk samráðsvettvangs verður boðið til fundarins völdum aðilum.

Hvar og hvenær: ágúst 2019

Fyrir hvern: Samráðsvettvang Sóknaráætlunar, fulltrúar ungmennaráða, stjórn Vestfjarðastofu, verkefnastjórar Vestfjarðastofu og sveitarstjórar.

Afurð: Megináherslur Sóknaráætlunar Vestfjarða 2020-2024.



ÚRVINNSLA

Stýrihópur og verkefnastjórar Vestfjarðastofu vinna að samræmingu markmiða og aðgerða meðal annars með tilliti til opinberrar stefnumótunar, heimsmarkmiða, markmiða einstakra sveitarfélaga og fleiri þátta.

Hvar og hvenær: júní – júlí 2019

Fyrir hvern: Stýrihópur Sóknaráætlunar og vinnuhópur.

Afurð: Markmið og aðgerðir Sóknaráætlunar mótuð.



MÓTUN ÁÆTLUNAR

Stýrihópur og verkefnastjórar vinna texta og samræma þætti áætlunar við fyrirbyggjandi greiningar og áætlanir.

Hvar og hvenær: ágúst 2019

Fyrir hvern: Stýrihópur og vinnuhópur

Afurð: Drög að Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024 liggja fyrir.


OPIÐ FYRIR UMSAGNIR

Drög að Sóknaráætlun Vestfjarða birt opinberlega og öllum gefinn kostur á að senda inn umsagnir og athugasemdir. Sérstaklega verður óskað eftir athugasemdum frá sveitarfélögum á svæðinu, einstökum félagasamtökum, stýrihópi Stjórnarráðsins um Byggðamál, Byggðastofnun ofl.

Hvar og hvenær: 1-15 sept. 2019

Fyrir hvern: Allir geta sent inn athugasemdir.

Afurð: Umsagnir við drög að Sóknaráætlun Vestfjarða.



SAMÞYKKTARFERLI

Að loknu umsagnarferli vinnur stýrihópur úr umsögnum og leggur lokahönd á Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024.

Sóknaráætlun verður lögð fyrir Haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga og Vestfjarðastofu til endanlegrar samþykktar.

Hvar og hvenær: október 2019

Fyrir hvern: Stýrihópur, stjórn FV, stjórn Vestfjarðastofu.

Afurð: Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024.